

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

3. fundur stjórnar 2025-2026 föstudaginn 22. ágúst 2025

kl. 10.00 - 12.00 í HT-118 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Kári Kristinsson og Zophonías Oddur Jónsson og Þróstur Olaf Sigurjónsson. Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri var á Teams og ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerðir stjórnar frá 5. og 16. júní lagðar fram til afgreiðslu
2. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun
3. Kennsla prófessora í rannsóknarmissemum
4. Samstarf FPR við FH, FHA og FÍN.
5. Sameining akademísks starfsfólks
6. Helstu verkefni stjórnar 2025-2026
7. Skipan trúnaðarmannaráðs
8. Ákvörðun dagsetninga
9. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 10.20.

1. Fundargerðir stjórnar frá 5. og 16. júní lagðar fram til afgreiðslu.

Fundargerðir voru ekki tilbúnar og verða afgreiddar í tölvupósti.

2. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun.

Formaður fór yfir það sem kom fram á félagsfundi FPR með fulltrúum Fjársýslunnar í sal Þjóðminjasafnsins þann 19. ágúst sl. Fólk á erfitt með að skilja þær endurkröfur sem fram koma á launaseðlum. Þá hefur borið á rangfærslum í skjali sem fólk fékk með sundurliðun á endurkröfum sem þarf að skoða betur. Margt fólk hefur haft samband við Sigrúnu vegna þess. Rætt var um kröfur félagsins um að fólk fái bréf með nánari útskýringum án þess að þurfa að kalla sérstaklega eftir þeim. Jafnframt var rætt um hvort félagið ætti að leggja fram kröfu um að Fjársýslan taki einhverja ábyrgð á mistökunum, eða að minnsta kosti að greiða beinan kostnað félagsins vegna mistakanna, s.s. leigu á fundarsal. Formaður mun kalla eftir álitu lögmanns á lagalegu hlið málsins.

Umræða var um mistökin, sem aðallalega fólust í því að yfirvinnutaxtinn var greiddur aftur í tímann samkvæmt kjarasamningi en yfirvinnutaxti prófessora er mun lægri samkvæmt stofnanansamningi. Félagið mun krefjast breytingu á því í næstu samningum.

3. Kennsla prófessora í rannsóknarmissemum.

Formaður ræddi um auknar kröfur sem lagðar eru á kennara í rannsóknarmissemum eins og til dæmis að tryggja mönnun á meðan eða útvega stundakennara. Ef það tekst ekki getur það leitt til þess að fólk kemst ekki í rannsóknarmissemi. Sumir hafa umsjón með

námskeiðum, fara yfir próf og leiðbeina í lokaritgerðum þrátt fyrir að vera í rannsóknamisseri. Varðandi það að leiðbeina doktorsnemunum getur það verið hluti af rannsóknamisseri og er sérstaklega greitt fyrir það. Ákveðið var að senda deildarforsetum, sviðsforsetum og deildarstjórum bréf um málið sbr. umræðu á fundinum þann 16. júní sl. Sigrún gerir uppkast að bréfi og sendir stjórn.

4. Samstarf FPR við FH, FHA og FÍN.

Formaður lagði fram tillögu um að ráða starfsmann í fullt starf í samstarfi við FH, FHA og FÍN. Um er að ræða samstarf FPR við ofangreind félög um greiningar á launakjörum og launaþróun háskólamenntaðra sérfræðinga og akademíks starfsfólks. Stofnaður verði Greiningarsjóður háskólafélanna um samstarfið með sérstökum samningi þar að lútandi. Hvert félag verður með fulltrúa í stjórn sjóðsins. Kostnaður við verkefnið verður fjármagnað með framlagi ríkisins eins og fram kom á stjórnarfundum þann 16. júní sl. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Sameining akademíks starfsfólks.

Rætt var um sameiningu akademíks starfsfólks í eitt stéttarfélag sbr. samþykkt aðalfundar og umræðu á stjórnarfundinum þann 16. september sl. Mikilvægt er að sátt verði um sameininguna. Rætt var um að stofna nefnd um málið með hlutaðeigandi aðilum. Stjórn var sammála um að vinna áfram með málið.

6. Helstu verkefni stjórnar 2025-2026.

Mörg verkefni liggja fyrir. Ákveða þarf hvaða verkefni skuli leggja áherslu á og forgangsraða þeim. Formaður lagði til að halda vinnufund í hálfan dag í október til að fara yfir helstu verkefni stjórnar fyrir starfsárið 2025-2026. Tillagan var samþykkt.

7. Skipan trúnaðarmannaráðs.

Skipa þarf þá fulltrúa sem vantar í trúnaðarmannaráð og ákveða fund með stjórn. Málið verður tekið fyrir á vinnufundinum í október.

8. Ákvörðun dagsetninga.

Erfitt er að ákveða fastan tíma fyrir stjórnarfundum þar sem kennsluáætlun liggur ekki fyrir hjá öllum. Lilja mun senda könnun um næsta stjórnarfund sem verður fyrir miðjan september og aðra könnun um fastan fundartíma einu sinni í mánuði. Þá þarf að finna tíma fyrir vinnufundinn í október og kvöldverð með nýrri stjórn og þeim sem létu af störfum á aðalfundinum.

9. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.08.

Fundarritari: LÞ.